

Leikskólinn Birkilundur

560 Varmahlíð, sími 4538215

Ágúst 2010

Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
2	3	4	5	6
9	10	11	12	13
Soðinn fiskur, kartöflur tómats., tómatar/gúrkur	Makkarónugrautur, brauð, grænmeti/ávextir	Hakk og spaghetí, gulrætur	Steiktur fiskur, kartöflur salat, grænmetissósa	Lambakjötpottréttur, kartöflumús, grænmeti
16	17	18	19 Starfsdagur	20
Grjónagrautur, brauð, ávextir eða grænmeti	Buff, kartöflur, sósa, grænmeti	Soðinn fiskur, hrísgrjón, karrísósa, kartöflur	Lokað	Fiskur í ofni m/pasta, kartöflur, grænmeti
23	24	25	26 Finnur Héðinn 5 ára	27
Soðinn fiskur, kartöflur tómats., tómatar/gúrkur	Sagógrjónagrautur og brauð, grænmeti/ávextir	Kjöt, kartöflur, hrísgrjón, karrísósa	Fiskibollur, kartöflur, sósa og grænmeti	Lasanja m/hakki, kartöflur, grænmeti
30 Afmælisveisla á Könglalandi	31	1 september	2 september	3 september
Skýr og brauð og ávextir	Soðinn fiskur, kartöflur tómats., tómatar/gúrkur	Hakk og spaghetí, gulrætur	Fiskur í ofni m/hrísgrj. og karrí, kartöflur, grænmeti	Lambakjötpottréttur, kartöflumús, grænmeti

Afmæli um helgi í ágúst: 22. Trausti 28: Lilja Diljá 5 ára

Afmæli í júlí: 9. Bríet Bergdís 2 ára 21. Hákon Kolka 4 ára 22. Telma Sjöfn 2 ár

September 2010

Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
		1 Hakk og spaghetí, gulrætur	2 Fiskur í ofni m/ hrísgrj. og karrísósu, kartöflur og grænmeti	3 Lambakjötpottréttur, kartöflumús, grænmeti
6 Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar/gúrkur	7 Buff, kartöflur, sósa, grænmeti	8 Dagur læsis - Bókadagur Fiskur í ofni með ostasósu og hrísgrjónum, kartöflur og grænmeti	9 Kjöt og kjötsúpa	10 Arnar Logi 1 árs Grjónagrautur, brauð, grænmeti/ávextir
13 Makkarónugrautur, brauð, ávextir/grænmeti	14 Steiktur fiskur, kartöflur, sósa og salat	15 Gúllas, kartöflur, grænmeti	16 Matthildur 2 ára Eiríkur Jón 2 ára Fjöruferð hjá árg. 2006 og 2007. Soðinn fiskur, kartöflur, hrísgrjón og karrísósa	17 Gríta með hakki, kartöflur, gulrætur
20 Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar/gúrkur	21 Kjöt, hrísgrjón, karrísósa, kartöflur	22 Daníel Smári 3 ára Fiskur í ofni með pasta, kartöflur, grænmeti	23 Evrópskur dagur Hakk og spaghetí, gulrætur	24 Sagógrjónagrautur, brauð, álegg og grænmeti/ávextir
27 Katrín Rós 2 ára Afmælisveisla á Könglalandi Grjónagrautur, brauð, grænmeti/ávextir	28 Afmælisveisla á Kvistalandi Soðinn fiskur, kartöflur, pasta, grænmeti	29 Kjúklingar, kartöflur, sósa, grænmeti.	30 Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat	1 okt Lasanja m/hakki, kartöflur, grænmeti

Afmæli um helgi: 25. Lydía 5 ára

Foreldrar eru boðaðir á fund í leikskólanum þriðjudaginn 28. september kl 20:30.

Leikskólinn Birkilundur, sími 4538215, birkilundur@skagafjordur.is

Fjörufөрð

Fimmtudaginn 16. september ætlum við að fara í fjörufөрð með árgang 2006 og 2007. Undanfarin ár höfum við farið með næst elsta árgang leikskólans en þar sem hann er svo fámennur var ákveðið að taka næsta árgang með. Lagt verður af stað kl 9 og komið aftur um hádegi.

Alþjóðadagur læsis 8. september - bókadagur

Börnin mega koma með bók með sér í leikskólann. Munið að merkja bækurnar.

Gaman saman

Varmahlíðarskóli og Birkilundur munu halda áfram með Gaman saman verkefnið, sem byggist upp á gagnkvæmum heimsóknnum nemenda skólanna. Fyrirhugaðar heim-sóknir verða merktar inn á dagatalið. Það hefur yfirleitt verið í byrjun október sem fyrsta heimsókn hefur verið.

Foreldrafundur

Almennur foreldrafundur verður haldinn þriðjudaginn 28. september kl 20:30. Þá mun leikskólinn kynna sitt starf og síðan verður aðalfundur foreldrafélagsins. Kosning í foreldrráð og stjórn foreldrafélagsins. Foreldrafélagið býður upp á kaffi og meðlæti.

Flokkun úrgangs

Það eru komnar grænar tunnur í Varmahlíð og við erum farin að flokka úrganginn. Það á einnig við um leikskólann. Við munum reyna að hafa börnin með okkur í því eftir því sem við verður komið.

Merkingar á fatnaði

Hægt er að kaupa prentaða tauborða, til að merkja föt, hjá rogn.is. Einnig hægt að fá miða í skó o.fl.

Starfsfólk veturinn 2010-2011

Könglaland:

- Linda Björnsdóttir, deildarstjóri
- Drífa Árnadóttir
- Fanney Friðriksdóttir
- Helga Árnadóttir
- Margrét Jónsdóttir, grunnskólakennari
- Hanna Björg Hauksdóttir í fæðingarorlofi

Kvistaland

- Sigríður M. Helgadóttir, deildarstjóri
- Selma Guðjónsdóttir
- Bogdís Hermannsdóttir

Sérkennslustjóri: Guðbjörg Sigfúsdóttir

Eldhús: Jóna Gísladóttir og Bogdís Hermannsd.

Ræsting: Sigurlaug Markúsdóttir

Leikskólastjóri: Steinunn Arnljótsdóttir

Haustþing

Föstudaginn 1. október verður leikskólinn Birkilundur lokaður vegna haustþings leikskóla-starfsfólks á norðurlandi vestra. Þingið verður að þessu sinni haldið á Blönduósi.

Lokað
föstudaginn 1. október

Lokið hliðum

Við viljum benda ykkur á að öll hlið á garðinum eiga að vera lokuð. Sum börn hlaupa þegar þau sjá smugu og þess vegna á alltaf að loka hliðum á eftir sér, jafnvel þó maður ætli til baka eftir örlitla stund. Sú stund getur verið nógu löng til þess að einhver nýti sér tækifærið og þá er ansi stutt út í umferðina.

Drepið á bílunum

Bílar eiga ekki að standa í gangi á bílastæði leikskólans. Það mengar heilmikið að láta bílinn standa í gangi þó það sé ekki nema litla stund. Athugið það einnig að börnin eru minni en við fullorðna fólkið og því þurfa þau að ganga í gegn um enn meiri mengun en þeir sem stærri eru þar sem útblásturinn liggur einmitt í þeirra hæð. Auk þess skapa bílar í gangi meiri hættu en þeir sem dautt er á.

Öll börn í öryggisbelti!

Börn á leikskólaaldri eiga að sitja í viðeigandi öryggisbúnaði í bílnum, í aftursæti og með öryggisbelti spennt. Barn á leikskólaaldri á alls ekki að vera í framsæti bifreiðar nema þá í bílstól sem snýr baki í akstursstefnu og að því tilskildu að ekki sé öryggispúði.

Við teljum það mikið ábyrgðarleysi ef þessum reglum er ekki fylgt, enda vitum við ekki hvar eða hvenær óhöppin verða.

Það er mikils vert að börnin venjist því að áður en ekið sé af stað verði allir í bílnum að vera búnir að spenna sig.

Það eru mikil sannindi fólgin í eftirfarandi setningu:

„Ef það tekur því ekki að spenna sig þá skaltu ganga.“

Það er á ábyrgð hins fullorðna að börnin séu spennt.

Október 2010

Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
				1 Haustþing -Lokað-
4 Bókadagur Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar/gúrkur	5 Hakk og spaghettí, gulrætur	6 Fiskur í ofni m/hrísgrj. og karrí, kartöflur, grænmeti	7 1.b. kemur í heimsókn kl 10 Lambakjötspottréttur, kartöflumús, grænmeti	8 Skyr, brauð, ávextir
11 Soðinn fiskur, kartöflur, hrísgrjón, karrísósa	12 Makkarónugrautur, brauð, grænmeti/ávextir	13 Gulur dagur Gríta með hakki, kartöflur, gulrætur	14 Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti	15 Kjöt, kartöflur, hrísgrjón, karrísósa
18 Náttfatadagur 1.b. kemur á náttfataball með Furuhóp kl 10:05 Grjónagrautur og brauð, Grænmeti/ávextir	19 Kjöt og kjötsúpa	20 Fiskur í ofni m/pasta, kartöflur og grænmeti	21 Buff, kartöflur, sósa	22 Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar/gúrkur
25 Hakk og spaghettí, gulrætur	26 Soðinn fiskur, kartöflur, pasta, grænmeti	27 Bangsadagur Furuh. í heimilisfr./ smíði Gúllas, kartöflumús, grænmeti	28 Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat	29 Sagógrjónagrautur, brauð, grænmeti/ávextir

Afmæli um helgi:

Gaman saman

Þetta er samstarfsverkefni Birkilundar og Varmahlíðarskóla sem byggist á gagnkvæmum heimsóknnum. Tilgangurinn er að efla félagsþroska barnanna og milda skólaskil. Eftirfarandi heimsóknir verða í október:

- Fimmtudaginn 7. okt. kl 10:05 kemur 1.b. Varmahlíðarskóla í heimsókn í Birkilund.
- Mánudaginn 18. október kemur 1.b. á náttfataball í Birkilundi með Furuhóp kl. 10:05.
- Miðvikudaginn 27. okt fer Furuhópur í smíði og heimilisfræði hjá 5.b. kl 10:45. Helmingurinn fer í heimilisfræði og hinn í smíðar.

Gulur dagur

Við reynum að hafa gula litinn áberandi þennan dag. Það er t.d. sniðugt að koma í gulum fötum. Ef við eigum ekki gul föt gæti verið eitthvað gult í mynd eða munstri á einhverri flík eða að hafa gulan klút um hálsinn eða gula teygju í hárinu.

Náttfatadagur

Þennan dag má koma með náttfötin sín með sér í leikskólann. Einhvern tíman að deginum skella sér allir í náttföt og leika sér saman. Fyrsti bekkur Varmahlíðarskóla kemur á náttfataball með Furuhóp kl 10:05.

Bangsadagur

Í tilefni af alþjóðlega bangsadeginum mega börnin koma með bangsa (teddy bear) í leikskólann.

Munið að merkja

Við viljum biðja ykkur að merkja öll þau föt sem mögulegt er svo að við sitjum ekki uppi með vettlinga og annað og komum því ekki til skila á réttan stað.

Foreldraráð

Kosningu hlutu: Helga Sjöf Helgadóttir, Laufey Haraldsdóttir og Ólafur Atli Sindrason.

Stjórn foreldrafélags

Dagný Stefánsdóttir og Merle Storm voru kostnar til setu í stjórn foreldrafélagsins. Auk þeirra eru í stjórninni Birna Valdimarsdóttir, Aníta Ómarsdóttir og Guttormur Stefánsson.

Foreldrafundur

Hátt í 30 manns mættu á foreldrafund þriðjudaginn 28. sept. kl 20:30. Hanna Dóra forfallaðist svo hennar erindi bíður betri tíma. Steinunn sagði frá Gaman saman verkefninu, Stig af stigi og SMT. Eftir að þau mál höfðu verið rædd var tekið kaffihlé, en stjórn foreldrafélagsins sá um meðlætið og hellti upp á. Síðan var aðalfundur foreldrafélagsins. Þar kom fram að félagið gaf leikskólanum 3 geisladiska í janúar og 2 myndarlega bóndabæi ásamt dýrum nú í haust. Leikskólinn þakkar kærlega fyrir þessar gjafir. Enn fremur kom fram að stefnt væri að því að fá leiksýningu fyrir jólin, eins og í fyrra. Þá var einnig rætt um hvort foreldrafélagið vildi standa fyrir því að fá ípróttagalla á börnin og hafa það þá jafnvel sem fjáröflun fyrir félagið.

Nóvember 2010

Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
1 Rugldagur Skr, heitt ostabrauð, ávextir	2 Trausti Helgi 3 ára Afmælisveisla á Könglalandi Fiskur í ofni m/hrísgrj, kartöflur, grænmeti	3 Guðbjörg Rán 2 ára Afmælisveisla á Kvistalandi Furuh. í heimilisfr./ smíði 10:45 Lasanja m/hakki, kartöflur, grænmeti	4 Lambakjötspottréttur, kartöflumús, grænmeti	5 Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar/gúrka
8 Bókadagur Soðinn fiskur, hrísgrjón, karrísósa, kartöflur	9 Kjöt og kjötsúpa	10 Steiktur fiskur, kartöflur, salat,	11 Furuhópur í tölvu 10:45 Hakk og spaghetí, gulrætur	12 Heimsóknir milli deilda Makkarónugrautur, brauð, grænmeti/ávextir
15 Fiskur í ofni m/pasta, kartöflur, grænmeti	16 Dagur ísl. tungu 7.b. kemur og les kl 9. Gúllas, kartöflumús, grænmeti	17 Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar/gúrka	18 Furuhópur í tölvu 10:45 Gríta með hakki, kartöflur, grænmeti	19 Grjónagrautur, brauð, ávextir/grænmeti
22 Soðinn fiskur, pasta, kartöflur, grænmeti	23 Buff, kartöflur, sósa	24 Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat	25 Spiladagur Skr, heitt ostabrauð, ávextir	26 Kjöt, kartöflur, hrísgrjón, karrísósa
29 Lambakjötspottréttur, kartöflumús, grænmeti	30 3.b. kemur kl 10:05 Soðinn fiskur, kartöflur tómats., tómatar/gúrkur	1 des. Hakk og spaghetí, gulrætur	2 des Fiskur í ofni m/ hrísgrj. og karrísósu, kartöflur og grænmeti	3 des. Sagógrjónagrautur, brauð, ávextir

Gaman saman í nóvember

- Miðvikudaginn 3. nóv. fer Furuhópur í smíði og heimilisfræði hjá 5.b. kl 10:45.
- Fimmtudaginn 11. nóv. kl 10:45 fer $\frac{1}{2}$ Furuhópur í tölvutíma með 2. b.
- Þriðjudaginn 16. nóv. kl. 9 kemur 7. bekkur og les fyrir leikskólabörnin í tilefni af Degi íslenskrar tungu.
- Fimmtudaginn 18. nóv. kl 10:45 fer $\frac{1}{2}$ Furuhópur í tölvutíma með 2. b.
- Þriðjudaginn 30. nóv. kl 10:05 kemur 3. b. í heimsókn í Birkilund.

Rugldagur

Á þessum degi fer allt í rugl hjá okkur, sokkarnir eru af sitt hvoru tagi eða fötin snúa öfugt, matartímarnir ruglast svo hádegismatur-inn er á vitlausum tíma dagsins o.s.frv.

Heimsóknir milli deilda

Einn föstudag í mánuði munu fara 3-4 börn af hvorri deild ásamt starfsmanni í heimsókn yfir á hina deildina og dveljast þar milli kl 9 og 10.

Spiladagur

Börnin mega koma með spil að heiman. Ekki er æskilegt að koma með spil sem gefa frá sér hljóð.

Töskur í fataherbergi

Við erum í vandræðum með töskurnar í fataherberginu. Það eru margar stórar og þungar töskur uppi á hillunum þar. Börnin teygja sig upp og toga í sína tösku og þá er aldrei að vita hvert hún fer eða hvort það fylgja fleiri með. Við viljum mælast til þess að það séu frekar notaðar nettari töskur eða taupokar, sem væri þá hugsanlega hægt að láta hanga á snögunum. Gott væri líka að sett væri í hólfin að morgni það sem líklegt er að barnið þurfi að nota þann daginn. Þá þyrftu börnin ekki að ná í neitt í töskuna. Við tölum um það við þau að þau eigi að biðja kennara að ná í töskuna ef þau vantar eitthvað þar, en það gleymist stundum eða að kennarinn er upptekinn við annað akkúrat þegar eitthvað vantar.

Eldvarnareftirlit

Elstu börnin taka þátt í því að kanna eldvarnirnar í leikskólanum. U.þ.b. einu sinni í mánuði fara tvö börn í einu með leikskólastjóra um húsið og kanna hvort reykskynjarar virka, hvort útgönguleiðir eru færar, hvort slökkvitæki eru aðgengileg o.fl.

Desember 2010

Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
		1 Hakk og spaghettí, gulrætur	2 Fiskur í ofni m/ hrísgrj. og karrísósu, kartöflur og grænmeti	3 Máni 5 ára Heimsóknir milli deilda Lambkjötspottréttur, kartöflumús, grænmeti
6 Brynjar 5 ára Piparkökubakstur Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar/gúrkur	7 Rauður dagur Afmælisveisla á Könglalandi Buff, kartöflur, sósa, grænmeti	8 Leiksýning kl 14:15 í Varmahlíðarskóla- Fiskur í ofni með hrísgrj. og paprikuostasósu, kartöflur og grænmeti	9 Kjöt og kjötsúpa	10 Grjónagrautur, brauð, grænmeti/ávextir
13 Bókadagur Furuhópur í Tarsanleik í íþróttahúsi kl 10:05 Makkarónugrautur, brauð, ávextir/grænmeti	14 Steiktur fiskur, kartöflur, sósa og salat	15 Afmælisveisla á Kvistalandi Gúllas, kartöflur, grænmeti	16 Furuhópur á lokaæfingu fyrir litlujólasýningu í Varmahlíðarskóla kl 10:05. Soðinn fiskur, kartöflur, hrísgrjón og karrísósa	17 Jólabball Hangikjöt, kartöflur, laufabrauð
20 Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar/gúrkur	21 Gríta með hakki, kartöflur, gulrætur	22 Fiskur í ofni með pasta, kartöflur, grænmeti	23 Pylsur og pylsubrauð	24 Aðfangadagur Lokað
27 Grjónagrautur, brauð, grænmeti/ávextir	28 Soðinn fiskur, kartöflur, pasta, grænmeti	29 Hakk og spaghettí, gulrætur	30 Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat	31 Gamlársdagur Lokað

Afmæli um helgi: 5. Hrafn Helgi 5 ára

18. Kolbeinn Maron 3 ára

Leikskólinn Birkilundur, sími 4538215, birkilundur@skagafjordur.is

Gaman – saman í desember

- Tarsanleikur í íþróttahúsi mánudaginn 13. des. kl 10:05.
- Fimmtudaginn 16. des. kl 10:05 fer Furuhópur á generalprufu fyrir litlujólasýningu í Varmahlíðarskóla.

Leiksýning

Foreldrafélagið ætlar að bjóða upp á leiksýningu sem heitir *Grýla*. Í þessu verki tekur engin önnur en jólasveinamóðirin sjálf, Grýla, á móti áhorfendum. Grýla hefur meðferðis stórt dagatal með 24 gluggum og bakvið hvern glugga leynist umræðuefni tengt jólunum. Grýla leiðir okkur í gegnum dagatalið og segir frá skrýtnum siðum og venjum sem tengjast jólunum. Sýningin verður miðvikudaginn 8. desember kl 14:15 í Varmahlíðarskóla. Foreldrar eru hvattir til að fara með börnum sínum þangað. Æskilegt er að láta vita í leikskólann hverjir ætla að fara og hverjir geta ekki farið með börnunum sínum þangað. Við munum fylgja þeim börnum sem eftir verða ef okkur sýnist að það verði viðráðanlegt.

Piparkökubakstur

Við gerum piparkökur fyrir hádegi. Næstu daga á eftir verða kökurnar síðan skreyttar. Þessar kökur verða síðan á boðstólum á jólaballinu okkar.

Rauður dagur

Við vinnum með rauða litinn. Gaman ef allir koma í einhverju rauðu, þó það sé ekki nema eitthvað rautt í munstri eða mynd.

Matseðillinn

Milli jóla og nýárs er mjög líklegt að matseðillinn breytist eitthvað frá því sem áætlað er. Þá eru alltaf einhverjir í fríi og oft hægt að nýta það sem til er í frysti, sem ekki dugir þegar allir eru. Til þess að geta skipulagt þetta betur og haft innkaupin í samræmi við þörfina er gott að fá að vita af því með fyrirvara hverjir taka frí síðustu dagana fyrir jól og dagana milli jóla og nýárs.

Jólaball Birkilundar

Jólaball Birkilundar verður haldið föstudaginn 17. des kl 14-16 fyrir öll leikskólabörnin og fjölskyldur þeirra. Gengið verður í kring um jólatréð og vonandi láta jólasveinar sjá sig. Boðið verður uppá piparkökur, safa og kaffi. Ballið verður haldið í Varmahlíðarskóla. Síðast fengum við nokkur eldri systkini til að syngja með undirspilinu og gafst það mjög vel. Við höfum textana á blaði svo það er bara að mæta og syngja með. Það er mikill styrkur að því fyrir þá sem eru að ganga í kring um jólatréð og eru ekki alveg klárir á textunum.

Jólaball Birkilundar verður í Varmahlíðarskóla föstud. 17. des. kl 14-16.

Myndlistarsýning

Við höfum ákveðið að vera ekki með myndlistarsýningu á tilteknum degi í vetur. Myndir eru hengdar upp og skipt út jafnt og þétt allan veturinn. Foreldrar eru velkomnir inn hvenær sem er á opnunartíma leikskólans til að skoða þær myndir sem hanga uppi hverju sinni. Við stefnum að því að bjóða foreldrum í heimsókn t.d. í tilefni af afmæli leikskólans.

Janúar 2011

Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3 Soðinn fiskur, kartöflur, tómat, tómatar/gúrkur	4 Skr, heitt brauð og ávextir	5 Hakk og spaghetí, gulrætur	6 Fiskur í ofni, hrísgrjón, karrí, hrátt grænmeti	7 Halldór 2 ára Heimsókn milli deilda Gúllas, kartöflumús, grænmeti
10 Bókadagur Grjónagrautur, brauð, álegg, grænmeti/ávextir	11 4. b. í heimsókn kl 10:05 Steiktur fiskur, kartöflur salat, grænmetissósa	12 Gríta m/hakki, kartöflur, grænmeti	13 Kjúklingur, kartöflur, sósa, grænmeti	14 Soðinn fiskur, kartöflur, hrísgrjón og karrísósa
17 Böðvar Ingi 3 ára Soðinn fiskur, kartöflur, tómat, tómatar/gúrkur	18 Buff, kartöflur, sósa, grænmeti	19 Blár dagur Afmælisveisla á Kvistalandi Fiskur í ofni m/pasta, kartöflur, grænmeti	20 1. b. í heimsókn kl 10:05 Kjöt og kjötsúpa	21 Makkarónugrautur, brauð, álegg, grænmeti/ávextir
24 Afmælisveisla á Könglalandi Sagógrjónagrautur, brauð, álegg, grænmeti/ávextir	25 Soðinn fiskur, kartöflur, tómat, tómatar/gúrkur	26 Kjöt, kartöflur, hrísgrjón, karrísósa	27 6. b. í heimsókn kl 12:40 Fiskibollur, kartöflur, sósa, grænmeti	28 Afmælisboð Birkilundur 12 ára 29. jan. Hakk og spaghetí, gulrætur
31 Furuhópur í myndmennt með 8. b. kl 12:40 Soðinn fiskur, kartöflur, pasta, grænmeti	1 febrúar Grjónagrautur, brauð, álegg, grænmeti/ávextir	2 febrúar Lasanja m/hakki, kartöflur, grænmeti	3 febrúar Fiskur í ostasósu, hrísgrj., kartöflur, grænmeti	4 febrúar Lambkjötpottréttur, kartöflumús, grænmeti

Afmæli um helgi: 1. Herdís Lilja 6 ára 29. Kristbjörg Sóley 6 ára

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir gamla árið

Gaman saman í janúar

- Þriðjudaginn 11. jan. kl 10:05 kemur 4. b. í heimsókn í Birkilund.
- Fimmtudaginn 20. jan. kl 10:05 kemur 1.b. í heimsókn í Birkilund.
- Fimmtudaginn 27. jan. kl 12:40 kemur 6. b. í heimsókn í Birkilund.
- Mánudaginn 31. jan. kl 12:40 fer $\frac{1}{2}$ Furuhópur í myndmennt með 8.b.

Starfsmannafundur á dagvinnutíma.

Ákveðið hefur verið að færa starfsmannafundi inn á dagvinnutíma. Verður það gert með þeim hætti að fjórum sinnum yfir árið verður lokað kl 12. Tekur þetta gildi 1. apríl. Leikskólanum verður lokað kl 12 þriðjudaginn 3. maí. Var ákveðið að fara þessa leið frekar en hækka dvalargjöld til að koma á mótis við yfirvinnugreiðslur vegna starfsmanna-funda.

Fæðisgjöld hækka

Fyrsta janúar munu fæðisgjöld hækka um 10%.

Blár dagur

Við höfum bláa litinn áberandi. Gaman ef allir kæmu í einhverju bláu.

Spiladagur

Börnin mega koma með spil að heiman. Hávær, tæknileg eða viðkvæm spil er besta að hafa heima. Gott að merkja spilin.

Afmæli Birkilundar

Við höfum haft það fyrir sið að halda upp á afmæli Birkilundar á hverju ári 29. janúar, en þann dag árið 1999 tók leikskólastjóri við lykлавöldum að þessu húsi. Að þessu sinni ætlum við að bjóða foreldrum að borða með okkur morgunmat milli kl 8 og 9 föstudaginn 28. janúar. Vonandi hafa sem flestir tök á því að setjast niður um stund með börnum og starfsfólki og þyggja þessar veitingar.

Fatnaður

Margir hafa fengið nýjar flíkur um jólin og viljum við minna ykkur á að merkja vettlinga og önnur utanyfirföt vel. Það eru örugglega margir með eins vettlinga. Oftast er hægt að skrifa innaní eða utaná vettlingana þannig að greinilegt sé hver á þá. Svo viljum við líka biðja fólk að athuga hvort eitthvað hefur lent í töskum sem aðrir eiga. Við ruglumst stundum á hólfum, sérstaklega þegar allt er blautt og fer í poka, þá verðið þið að hjálpa okkur að koma fötunum á rétta staði. Munið eftir því að hafa aukaföt í töskunni því alltaf getur eitthvað komið uppá.

Febrúar 2011

Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	1 Grjónagrautur, brauð, álegg, grænmeti/ávextir	2 Furuhópur í textílmennt með 9. bekk kl 9:10. Lasanja m/hakki, kartöflur, grænmeti	3 Kristinn Örn 6 ára Fiskur í ostasósu, hrísgrj., kartöflur, grænmeti	4 Heimsókn milli deilda Lambakjötpottréttur, kartöflumús, grænmeti
7 Skrúðganga kl 9:30 Furuhópur í myndmennt með 8. bekk kl 12:40 Skrý, heitt ostabrauð, ávextir/grænmeti	8 Ragnhildur 4 ára Steiktur fiskur, kartöflur salat, grænmetissósa	9 Námskeiðsdagur hjá starfsfólki Lokað	10 Soðinn fiskur, kartöflur, hrísgrjón og karrísósa	11 Hakk og spaghettí, kartöflur, grænmeti
14 Bókadagur Soðinn fiskur, kartöflur, tómats., tómatar/gúrkur	15 Kjöt, kartöflur, hrísgrjón og karrísósa	16 Furuhópur í textílmennt með 9. bekk kl 9:10. Porramatur	17 Gríta með hakki, kartöflur, grænmeti	18 Fiskibollur, kartöflur, sósa, grænmeti
21 Grjónagrautur og brauð, grænmeti/ávextir	22 Þóra Emilía 6 ára Soðinn fiskur, kartöflur, tómats., tómatar/gúrkur	23 Gúllas, kartöflumús, grænmeti	24 Fiskur í ofni m/pasta og sósu, kartöflur	25 Buff, sósa og kartöflur
28 Afmælisveisla á Könglalandi Soðinn fiskur, kartöflur, pasta, grænmeti	1 mars Sagógrjónagrautur, brauð, ávextir/grænmeti	2 mars Hakk og spaghettí, gulrætur	3 mars Fiskur í ofni, hrísgrjón, karrí, hrátt grænmeti	4 mars Lambakjötpottréttur, kartöflumús, grænmeti

Gaman saman í febrúar

- Miðvikudaginn 2. feb. kl 9:10 fer $\frac{1}{2}$ Furuhópur í textílmennnt með 9.b.
- Mánudaginn 7. feb. kl 12:40 fer $\frac{1}{2}$ Furuhópur í myndmennt með 8.b.
- Miðvikudaginn 16. feb. kl 9:10 fer $\frac{1}{2}$ Furuhópur í textílmennnt með 9.b.
- Fimmtudaginn 24. febrúar kl 10:05 kemur 5. b. í heimsókn í Birkilund.

Námskeiðsdagur

Miðvikudaginn 9. febrúar verður leikskólinn lokaður. Þá er námskeiðsdagur hjá starfsfólki leikskóla í Skagafirði. Starfsfólk hittist í Ársölum og hlýðir á fyrirlestur hjá Hönnu Dóru um ADHD og um forvarnir gegn einelti. Eftir hádegi munu Þóra Björk, Sigurlaug Rún og Inga Huld fjalla um máltöku og þá aðallega hljóðanám, kynna vinnu með læsi í leikskóla, segja frá rannsókn á bókstafapekkingu leikskólabarna, kynna efni sem nýtist vel í starfi og segja frá byrjendalæsi sem verið er að innleiða í grunnskólum Skagafjarðar

Dagur leikskólans

Dagur leikskólans er 6. febrúar. Í tilefni hans ætlum við að fara í skruðgöngu um Varmahlíð mánudaginn 7. febrúar ef veður og færi leyfa. Lagt verður af stað frá leikskólanum kl 9:30 og farinn hringur um hverfið.

Veikindi

Það hefur verið nokkuð um veikindi undanfarið og af þeim sökum viljum við ítreka við foreldra mikilvægi þess að börnin fái að vera heima þar til þau eru búin að jafna sig, þ.e. þar til þau eru orðin sjálfum sér lík. Þegar um magapest er að ræða er mikilvægt að maginn sé kominn í lag áður en barnið er sent aftur í leikskólann. Eftir veikindi tekur tíma að vinna upp fyrra þrek. Það er ekki víst að barnið sé tilbúið til þess að vera í leikskólanum þó það sé hitalaust og hafi jafnvel ekki fengið neinn hita. Ef barn hefur verið með hita er viðmiðunin sú að það sé búíð að vera hitalaust heima í 2 daga áður en það kemur aftur í leikskólann. Það þýðir þó ekki að barnið sé tilbúið í leikskóladvölinu þegar þessir tveir dagar eru liðnir, það getur ennþá verið slápt og þurft lengri tíma í rólegheitum.

Mars 2011

Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	1 Sagógrjónagrautur, brauð, ávextir/grænmeti	2 Hakk og spaghetí, kartöflur, grænmeti	3 2.b. í heimsókn kl 10:05 Fiskur í ofni, hrísgrjón, karrí, hrátt grænmeti	4 Heimsókn milli deilda Lambakjötspottréttur, kartöflumús, grænmeti
7 Bolludagur Áróra Ingibjörg 5 ára Kjötfarsbollur, hvítkál, kartöflur og tómatsósa	8 Sprengidagur Svandís Katla 3 ára Saltkjöt og baunir	9 Öskudagur Soðinn fiskur, kartöflur, hrísgrjón og karrísósa	10 Skr, brauð og ávextir	11 Lasanja m/hakki, kartöflur, grænmeti
14 Grænn dagur Soðinn fiskur, kartöflur, tómats., tómatar/gúrkur	15 Buff, sósa og kartöflur	16 Grjónagrautur og brauð, grænmeti/ávextir	17 Afmælisveisla á Kvistalandi Furuhópur í íþróttir með 7.b. kl 10:05 Kjöt og kjötsúpa	18 Bókadagur Valdimar Árni 4 ára Fiskibollur, kartöflur, sósa, grænmeti
21 Afmælisveisla á Könglalandi Árgangur 2006 fer í heimsókn í slökkvistöð Hakk og spaghetí, kartöflur, grænmeti	22 Soðinn fiskur, kartöflur, tómats., tómatar/gúrkur	23 Kjöt, kartöflur, hrísgrjón og karrísósa	24 Fiskur í ofni m/pasta og sósu, kartöflur	25 Furuh. á generalp. fyrir árshátíð 1.-6. b. kl 10:00 Makkarónusúpa, brauð, grænmeti/ávextir
28 Fiskur í ostasósu, hrísgrj., kartöflur, grænmeti	29 Pítsa, grænmeti	30 Soðinn fiskur, kartöflur, pasta, grænmeti	31 Dýradagur 5.b. í heimsókn kl 10:05 Lambakjötspottréttur, kartöflumús, grænmeti	1 apríl Grjónagrautur og brauð, grænmeti/ávextir

Gaman saman í mars

- Fimmtudaginn 3. mars kl 10:05 kemur 2.b. í heimsókn í Birkilund.
- Fimmtudaginn 17. mars kl 10:05 fer Furuhópur í íþróttir með 7. bekk.
- Föstudaginn 25. mars kl 10:05 fer Furuhópur á generalprufu fyrir árshátíð 1.-6.bekkjara Varmahlíðarskóla.
- Fimmtudaginn 31. mars kl 10:05 kemur 5. b. í heimsókn í Birkilund. Þessi heimsókn átti að vera í febrúar en frestaðist.

Grænn dagur

Við höfum græna litinn áberandi. Gaman ef allir kæmu í einhverju grænu.

Heimsókn í slökkvistöð

Næst elsti árgangurinn hjá okkur fer í heimsókn á skökkvistöðina, þ.e. börn fædd árið 2006. Þar tekur Guðmundur slökkviliðsstjóri á móti þeim og sýnir þeim tól og tæki.

Dýradagur

Hvert barn má koma með eitt dýr (úr plasti eða tau) með sér í leikskólann.

Bolludagur

Á bolludaginn byrjum við á því að gera brauðbollur með börnunum, sem síðan verða borðaðar í morgunmatnum. Í síðdegisdrykk þann dag verða í boði vatnsdeigbollur með glassúr, rjóma og/eða sultu.

Sprengidagur

Á sprengidaginn verður boðið upp á saltkjöt og baunir að gömlum sið.

Öskudagsball á öskudaginn kl 10-11.

Öllum börnunum er boðið að koma á öskudagsball í leikskólanum milli kl 10 og 11 á öskudaginn 9. mars. Búningar að eigin vali. Það verður dansað og kötturinn sleginn úr tunnunni (hvor deild fyrir sig). Foreldrar eru velkomnir. Við gerum ráð fyrir því að það séu eingöngu leikskólabörn sem eru að slá köttinn úr tunnunni, en ekki eldri systkini, þó þau komi með á ballið.

**Öskudagsball í Birkilundi
miðvikudag 9. mars
kl 10:00-11:00**

Apríl 2011

Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
				2 Heimsókn milli deilda Grjónagrautur og brauð, grænmeti/ávextir
4 Furuhópur í náttúrufr. Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar/gúrkur	5 Hakk og spaghetí, kartöflur, gulrætur	6 Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti	7 Kjöt og kjötsúpa	8 Skr, brauð, ávextir
11 Gunnar Héðinn 6 ára Afmælisveisla á Könglalandi Árg. 2007 í Víðimýri Soðinn fiskur, kartöflur, hrísgrjón, karrísósa	12 Kjöt, kartöflur, hrísgrjón, karrísósa	13 Bókadagur Fiskur í ofni m/pasta, kartöflur og grænmeti	14 Buff, kartöflur, sósa	15 Grjónagrautur og brauð, grænmeti/ávextir
18 Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar/gúrkur	19 Makkarónugrautur, brauð, grænmeti/ávextir	20 Lokað kl 13:00 Hakk og spaghetí, gulrætur	21 Skírdagur Sumardagurinn fyrsti Lokað	22 Föstud. langi Lokað
25 Annar í páskum Lokað	26 Soðinn fiskur, kartöflur, pasta, grænmeti	27 Sveitaferð Gúllas, kartöflumús, grænmeti	28 Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat	29 Sagógrjónagrautur, brauð, grænmeti/ávextir

Gaman saman - dagskrá í apríl.

- Mánudaginn 4. apríl kl 10:05 fer Furuhópur í náttúrufræði með 6. bekk.

Víðimýrarheimsókn

Farið verður með árgang 2007 að skoða Víðimýrarkirkju og kirkjugarðinn.

Lokað kl 13:00 miðvikudag 20. apríl

Ákveðið hefur verið að breyta dagsetningu á áður auglýstri lokun vegna starfsmannafundar. Frá 1. apríl og fram á vor áttu að vera 3 starfsmannafundir, alls 3 klst. Starfsfólk ákvað að vinna þá eftir kl 16 og fá frí þegar lokunin er. Það gerir það af verkum að auðveldara er að velja dag og það er ekki lengur bundið við þann dag vikunnar sem allt starfsfólk er í húsi. Þess vegna var ákveðið að loka kl 13:00 miðvikudaginn 20. apríl (í stað þriðjudags 3. maí). Vonum við að það henti foreldrum þokkalega.

Sveitaferð

Undanfarin ár höfum við farið með barnahópinum í sveitaferð síðast í apríl. Við reiknum með að yngsti árgangurinn (2009) verði eftir heima en allir aðrir fari. Það verður lagt af stað kl 9 að morgni og komið til baka fyrir hádegi. Við höfum farið í Dýrfinnustaði, Flugumýri, Lýtingsstaði og Syðri-Hofdali og séð ær og lömb, geitur og kiðlinga, kýr og kálfa, hesta og hunda. Ekki er búið að ákveða hvert farið verður í ár og allar ábendingar eru vel þagnar.

Sumarlokun 4. júlí - 5. ágúst.

Leikskólinn verður lokaður í 5 vikur í sumar, frá 4. júlí til 5. ágúst að báðum dögum meðtöldum.

Vistunartímar og uppsögn á plássi

Þar sem nú er verið að huga að niðurröðun barna næsta vetur er gott að fá að vita af því sem fyrst ef óskað er eftir breytingum á vistunartíma frá því sem nú er. Einnig er rétt að minna á að segja þarf upp plássi með mánaðarfyrirvara og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. dag mánaðar.

Óskilavettlingar

Það hefur safnast mikið upp hjá okkur af ómerktum vettlingum. Við hvetjum fólk eindregið til að kíkja í hrúgurnar. Það sem ekki verður hirt fer í ruslið. Það er nauðsynlegt að merkja alla vettlinga með nafni barnsins sem notar þá eða upphafsstöfum þess. Auðkenni sem foreldri þekkir en ekki aðrir gerir harla lítið gagn þegar við stöndum með hrúguna fyrir framan okkur og ætlum að koma öllu á sinn stað.

Varðandi notkun á þurrkskápnum þá er ekki ætlast til þess að vettlingar séu geymdir þar yfir nótt. Við reynum þurrka vettlinga svo börnin hafi til skiptana yfir daginn, sérstaklega ef þau fara tvisvar út, en þegar er mikil bleyta og drulla þá þurfa vettlingarnir hvort sem er að komast í þvottavélina.

Maí 2011

Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
2 Soðinn fiskur, kartöflur tómats., tómatar/gúrkur	3 Kjöt og kjötsúpa	4 Fiskur í ofni m/hrísgrj. og karrí, kartöflur, grænmeti	5 Furuhópur í sund kl 12:40 Lasagne með hakki, kartöflur og grænmeti	6 Unnur María 6 ára Heimsókn milli deilda Skr, heitt brauð og ávextir
9 Furuhópur í gönguferð með yngstu bekkjum Varmahl.skóla kl 10:05 Hakk og spaghetí, kartöflur, gulrætur	10 Soðinn fiskur, hrísgrjón, karrísósa, kartöflur	11 Gísli Heiðar 4 ára Lambkjötpottreitur, kartöflumús, grænmeti	12 Steiktur fiskur, kartöflur salat, grænmetissósa	13 Grjónagrautur, brauð, ávextir eða grænmeti
16 Furuhópur í Glaumbæ Fiskur í ofni m/pasta, kartöflur, grænmeti	17 Buff, kartöflur, sósa, grænmeti	18 Afmælisveisla á Könglalandi Soðinn fiskur, kartöflur tómats., tómatar/gúrkur	19 Kjöt, kartöflur, hrísgrjón, karrísósa	20 Sagógrjónagrautur og brauð, grænmeti/ávextir
23 Vignir Freyr 3 ára Afmælisveisla á Kvistalandi Soðinn fiskur, kartöflur tómats., tómatar/gúrkur	24 Kjúklingur, kartöflur, sósa, grænmeti	25 Útskrift úr Furuhóp Fiskibollur, kartöflur, sósa og grænmeti	26 Reykjarhólsdagur Gúllas, kartöflumús, grænmeti	27 Grjónagrautur, brauð, ávextir/grænmeti
30 Kveðjuveisla Skr og brauð og ávextir	31 Soðinn fiskur, kartöflur tómats., tómatar/gúrkur	1 júní Gríta með hakki, kartöflur, grænmeti	2 júní Uppstigningard. Lokað	3 júní Lambkjötpottreitur, kartöflumús, grænmeti

Leikskólinn Birkilundur, sími 4538215, birkilundur@skagafjordur.is

Gaman saman - dagskrá í maí.

- Fimmtudaginn 5. maí kl 12:40 fer Furuhópur í sund.
- Mánudaginn 9. maí kl 10:05 fara Furuhópurinn og yngstu bekkir Varmahlíðarskóla í gönguferð saman.
- Miðvikudaginn 25. maí kl 10:30 kemur 1.b. á generalprufu hjá Furuhóp.

Furuhópur

Það er alltaf mikið um að vera hjá Furuhóp (elsta árganginum) í maí. Þá er sundferð og göngutúr í samvinnu við Varmahlíðarskóla, það er farið í heimsókn í Glaumbæ og svo fer oft mikill tími í undirbúning fyrir útskriftardaginn sem er lokapunkturinn á hópastarfinu. Síðustu ár höfum við notið þess að hafa tónlistarkennara á okkar snærum og hefur verið æft leikatríði með tónlistarívafi. Þetta hafa börnin sýnt fyrir leikskólabörnin og 1. bekk Varmahlíðarskóla fyrir hádegi og foreldra sína eftir hádegi á útskriftardaginn, sem að þessu sinni verður miðvikudaginn 25. maí. Foreldrum hefur verið boðið að koma kl 14:00, horfa á sýninguna og stutta útskriftarathöfn og þyggja kaffi og meðlæti að því loknu.

Glaumbæjarheimsókn

Furuhópur heimsækir gamla bæinn í Glaumbæ og fær leiðsögn þar um. Lagt af stað í rútu frá leikskólanum kl 9:50. Eftir heimsóknina borðar hópurnir í K.S. Varmahlíð.

Reykjarhólsdagur

Stefnt er að því að ganga á Reykjarhólinn þennan dag með sem flest börn. Hugsanlega verður tekið með nesti og við væntum þess að veðurguðirnir verði okkur sérstaklega hliðhollir.

Kveðjuveisla

Við höfum íspinnaveislu til þess að kveðja þau börn sem eru að hætta í leikskólanum á þessu vori. Við ítrekum það að við viljum ekki að börn sem eru að hætta komi með veitingar heimanað.

Sumarhátíð foreldrafélagsins

Það hefur skapast sú hefð að í júní bjóði foreldrafélagið til sumarhátíðar í garðinum við leikskólann. Þá er boðið öllum þeim börnum sem verið hafa í leikskólanum þann vetur, þó þau séu sum hætt þegar að hátíðinni kemur. Það hefur verið farið í leiki, boðið upp á grillaðar pylsur o.fl. Síðustu ár hefur þetta verið á virkum degi frá kl 16-18, enda er fólk oft upptekið um helgar. Þetta verður auglýst nánar þegar nær dregur.

Starfsdagur

Föstudaginn 10. júní verður leikskólinn lokaður vegna starfsdags. Verður dagurinn nýttur til þess að skoða leikskóla í Noregi.

Júní 2011

Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
		1 Sumarhátíð kl 16-18 Gríta með hakki, kartöflur, grænmeti	2 Uppstigningardagur Lokað	3 Lambakjötspottréttur, kartöflumús, grænmeti
6 Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar/gúrkur	7 Buff, kartöflur, sósa, grænmeti	8 Fiskur í ofni með ostasósu og hrísgrjónum, kartöflur og grænmeti	9 Ávaxtasúrmjólk og brauð	10 Starfsdagur Lokað
13 Annar í hvítasunnu Lokað	14 Ingimar Hólm 3 ára Steiktur fiskur, kartöflur, sósa og salat	15 Afmælisveisla á Kvistalandi Gúllas, kartöflur, grænmeti	16 Soðinn fiskur, kartöflur, hrísgrjón og karrísósa	17 Lýðveldisdagurinn Lokað
20 Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar/gúrkur	21 Kjöt, hrísgrjón, karrísósa, kartöflur	22 Fiskur í ofni með pasta, kartöflur, grænmeti	23 Hakk og spaghetí, gulrætur	24 Sagógrjónagrautur, brauð, álegg og grænmeti/ávextir
27 Grjónagrautur, brauð, grænmeti/ávextir	28 Soðinn fiskur, kartöflur, pasta, grænmeti	29 Kjúklingar, kartöflur, sósa, grænmeti.	30 Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat	1 júlí Lasanja m/hakki, kartöflur, grænmeti

Afmæli í júlí: 7. Eyrún María 6 ára 9. Bríet Bergdís 3 ára 21. Hákon Kolka 5 ára 22. Telma Sjöfn 3 ára

Sumarhátíð foreldrafélagsins

Miðvikudaginn 1. júní ætlar foreldrafélagið að halda sumarhátíð í garðinum við leikskólann frá kl 16-18. Skoppa og Skrýttla mæta á svæðið og boðið verður upp á grillaðar pylsur og einhvern drykk. Öll börn sem verið hafa í leikskólanum í vetur eru velkomin ásamt fjölskyldum sínum.

Sumarhátíð

miðvikudag 1. júní
kl 16-18

í garðinum við Birkilund

Lokunardagar í júní

Lokað á Uppstigningardag, fimmtudaginn 2. júní, starfsdag, föstudaginn 10. júní, Annan í hvítasunnu, mánudaginn 13. júní og Lýðveldisdaginn, föstudaginn 17. júní.

Sumarlokun

Lokað verður frá 4. júlí til 5. ágúst. Síðasti dagur fyrir lokun er föstudagurinn 1. júlí. Opnað aftur mánudaginn 8. ágúst.

Starfsdagur

Lokað föstudaginn 10. júní vegna utanlandsferðar starfsfólks. Starfsfólk mun kynna sér starf í nokkrum leikskólum í Noregi þar sem áhersla er á útikennslu en útfærsla er mismunandi eftir því hvað umhverfið býður uppá.

Lokað

föstudaginn 10. júní

Starfið í júní

Starfið í leikskólanum breytist í júní frá því sem verið hefur í vetur. Hópastarfinu er lokið og gert ráð fyrir meiri útiveru. Mörg börn hætta eða fara í frí í lok maí og því breytist samsetning barnahópsins nokkuð. Sérstaklega fækkar á eldri deild. Einnig fer starfsfólk í frí þannig að það verður dálítið breytilegt hverjir verða að vinna hvern dag. Það er því ekki hægt að reikna með sömu föstu punktunum eins og yfir vetrartímann en við vonum að allt gangi samt vel fyrir sig og börnin taki því sem að höndum ber.